

1996. – 1066 ár frá stofnun Alþingis.

121. löggjafarþing. – 144. mál.

253. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Efni þessa frumvarps er í raun og veru tvíþætt. Annars vegar er um að ræða tæknilegar lagfæringar og breytingar á málsmeðferðarreglum í virðisaukaskattslögum en hins vegar tengist málið þeirri ákvörðun ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar frá síðasta vetri að lækka endurgreiðslu á virðisaukaskatti til byggjenda íbúðarhúsnæðis vegna vinnu manna á byggingarstað og viðhalds og endurbóta úr 100% niður í 60%. Hvað fyrri atriðið snertir sér minni hlutinn ekki ástæðu til að gera athugasemdir við þær breytingar sem leiðir beint af breytingum í öðrum skattalögum, svo sem breytingum á lögum um tekju- og eignarskatt. Ákvæði 2. gr. um skýrari meðferð mála hvað varðar svonefndar virðisaukaskattsbifreiðar eru til bóta og sama má segja um fleiri ákvæði í frumvarpinu sem lúta að tæknilegum lagfæringum.

Nefndinni bárust erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og frá Sambandi sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra sem lúta að lagfæringum á virðisaukaskattsuppgjöri sveitarfélaganna. Er þar annars vegar um að ræða ósk sveitarfélaganna um að breytt verði skilgreiningu á endurgreiðslu virðisaukaskatts sem sveitarfélögin fá vegna söfnunar, meðhöndlunar, flutnings og förgunar úrgangs. Gildandi túlkun ríkisskattstjóra er þröng og viðurkennir eingöngu neysluúrgang en ekki allan úrgang sem sveitarfélög bera ábyrgð á að farga. Upp koma ankannaleg dæmi þegar þetta mál er skoðað eins og rakið er í umsögn Sambands sveitarfélaga á Norðurlandi vestra sem birt er með álitinu sem fylgiskjal. Þá geta mismunandi förgunarleiðir sams konar úrgangs valdið því að í öðru tilvikinu sé um endurgreiðslu að ræða en í hinu tilvikinu ekki. Með tilliti til umhverfis hlýtur að vera æskilegra að notuð sé skattaleg hvatning til þess að bæta framkvæmd förgunarmála og ýtt sé undir endurvinnslu til að mynda plasts eða brotamálma.

Minni hlutinn telur að þurft hefði að skoða betur en gert var hvort ekki væri unnt að verða við þessu erindi sveitarfélaganna. Að hinu leytnu til óska sveitarfélögin eftir því að virðisaukaskattur af slökkvi- og björgunarbúnaði verði endurgreiddur og er það rökstutt með því að mikil þörf sé á að endurnýja slíkan búnað, en hann er kostaður af þeim. Meiri hlutinn hefur því miður ákveðið að verða við hvorugri þessara óska.

Hið pólitíska mál er að sjálfsögðu 9. gr. frumvarpsins sem er hluti þeirrar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar að lækka endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna húsbygginga og viðhalds og endurbóta á húsnæði úr 100% niður í 60%. Minni hlutinn barðist hart gegn þessum áformum á síðasta þingi og varaði mjög við því að farið yrði út á þessa braut og stendur sú afstaða óbreytt. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar var á sínum tíma tekin í tengslum við breytingar á vörugjöldum og í raun til að fjármagna tiltekna lækkun á þeirri hlið. Með því var skattbyrði flutt yfir á þann hóp sem er að byggja eða endurbæta húsnæði og hlýtur sú ráðstöfun að teljast fráleit. Engar vísbendingar eru um að húsbyggjendur séu öðrum landsmönnum færari um að taka á sig skattahækkunir um þessar mundir. Verst er þó að þessi lækkun virðisaukaskattsins er mjög líkleg til að koma fram í stóru auknum undan-

skotum frá skatti og svartri atvinnustarfsemi. Það er mat þeirra sem til þekkja að nú þegar sjái þess stað í verulegum mæli að úr því dragi að reikningum sé skilað vegna þess þáttar málsins þar sem endurgreiðslan hefur þegar lækkað, þ.e. vegna vinnu manna við nýbyggingar. Reyndar er málið hið vandræðalegasta fyrir meiri hlutann þar sem breytingin nú kemur til af því að mistök urðu við lagasetninguna síðasta vor. Frá byrjun var ætlunin að lækkunin tæki jafnt til vinnu við byggingu íbúðarhúsnæðis sem vinnu við viðhald og endurbætur en þar urðu mistökin og þess vegna er nauðsynlegt að gera breytingar. Eftir stendur að þessi ráðstöfun er óskynsamleg og óréttmæt og minni hlutinn leggst eindregið gegn henni. Minni hlutinn mun greiða atkvæði gegn þessari grein frumvarpsins og frumvarpinu í heild sinni verði hún engu síður samþykkt. Fyrir liggja umsagnir um þetta mál, m.a. frá BSRB og Samtökum iðnaðarins, þar sem þessum breytingum er eindregið mótmælt. Kristín Ástgeirsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkt álitum þessu.

Alþingi, 3. des. 1996.

Steingrímur J. Sigfússon,
frsm.

Ágúst Einarsson.

Fylgiskjal I.**Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.
(28. nóvember 1996.)**

Samband íslenskra sveitarfélaga gerir ekki athugasemdir við frumvarpið en í tilefni umfjöllunar Alþingis um virðisaukaskatt er vakin athygli á eftirfarandi:

Sambandið og flest landshlutasamtök sveitarfélaga hafa um nokkurn tíma lagt til að breytingar væru gerðar á endurgreiðsluákvæðum reglugerðar um virðisaukaskatts af skattskyldri starfsemi opinberra aðila. Lagt hefur verið til að endurgreiddur væri virðisaukaskattur af söfnun, meðhöndlun, flutningi og förgun úrgangs samkvæmt skilgreiningu í mengunarvarnarreglugerð nr. 48/1994. Þar undir félli m.a. neyslu- og framleiðsluúrgangur og brotamálmar. Einnig væri endurgreiddur virðisaukaskattur af slökkvibílum og öðrum tækjabúnaði slökkviliða.

Sveitarfélögin fá nú endurgreiddan kostnað vegna söfnunar, flutnings, urðunar og eyðingar sorps. Meðhöndlun, flutningur og förgun brotamálma og ýmisskonar úrgangs til eyðingar eða endurvinnslu fellur ekki undir ákvæði reglugerðarinnar. Eðlilegt væri að endurgreiðslan næði til þessa úrgangs eins og annars sorps og fælist í því mikill hvati fyrir sveitarfélögin varðandi eyðingu eða endurvinnslu þessa úrgangs.

Fyrirverandi umhverfisráðherra ritaði fjármálaráðherra bréf og lagði eindregið til að endurgreiðslan til sveitarfélaganna næði einnig til þessarar förgunar á úrgangi.

Sambandið og mörg landshlutasamtök sveitarfélaga hafa einnig lagt til að sveitarfélögin fengju endurgreiddan virðisaukaskatt vegna kaupa á slökkvibílum og öðrum tækjabúnaði slökkviliða en endurnýjun á tækjakosti þeirra er mjög aðkallandi.

Fjármálaráðherra hefur lýst vilja sínum til þess að þessar umræddu breytingar á endurgreiðslu virðisaukaskatts til sveitarfélaga næðu fram að ganga í tengslum við breytingar á verkaskiptingu og breytingu á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Viðræður þar um eiga sér nú stað milli fulltrúa ríkisins og sambandsins, sem líklegt er að leiði til þess að

breytingar verði gerðar á endurgreiðsluákvæðum reglugerðar um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila.

Sambandið beinir því til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis að hún hlutist til um að tillögur sambandsins og landshlutasamtaka sveitarfélaga, um endurgreiðslu á virðisaukaskatti af söfnun og förgun brotamálma og endurvinnanlegum úrgangi og kaupa á slökkvibílum og tækjum slökkviliða, nái fram að ganga með breytingu á reglugerð eða breytingu á lögum.

Virðingarfyllt,
Þórður Skúlason framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal II.

Umsögn Sambands sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra. (27. nóvember 1996.)

Lagt er til að við frumvarpið bætist ný grein sem verður 8. gr. þess og greinarnúmer eftir henni hækki um einn, þannig að núverandi 8. gr. verði 9. gr. o. s. frv.

8. gr.

Eftir aðra málsgrein 42. gr. laganna bætist eftirfarandi málsgrein:

"Endurgreiða skal sveitarfélögum virðisaukaskatt sem þau hafa greitt vegna söfnunar, meðhöndlunar, flutnings og förgunar úrgangs, þar með talinn neyslu- og framleiðsluúrgangur og brotamálmar. Einnig skal endurgreiða sveitarfélögum virðisaukaskatt af slökkvi- og björgunarbúnaði. Endurgreiðslan skal gerð á grundvelli framlagðra reikninga, eigi sjaldnar en á tveggja mánaðafresti, og vera verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu."

Greinargerð:

Úrgangur er skilgreindur í mengunaryarnregluger nr. 48/1994 sem hvers kyns efni eða hlutir sem einstaklingar eða lögaðilar ákveða að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt. Hins vegar er hugtakið sorp ekki skilgreint í mengunaryarnreglugerðinni.

Samkvæmt 12. grein reglugerðar nr. 248/1990 skal m.a. endurgreiða sveitarfélögum og ríkisstofnunum virðisaukaskatt af sorpeyðingu, þ.e. söfnun, flutningi, urðun og eyðingu sorps.

Ríkisskattstjóri túlkar hugtakið sorp þröngt, sem neysluúrgangur, en ekki sem allan þann úrgangur sem sveitarfélög bera ábyrgð á að farga. Af þessu leiðir mjög óeðlilegt ástand. Sem dæmi má nefna að ef bændur troða öllu plasti sem þeir þurfa að losna við í sorpgáma sveitarfélagsins, þá fer plastið með öðrum úrgangi til urðunar og virðisaukaskattur af kostnaði við förgun þess fæst endurgreiddur. Sé plastinu hinsvegar safnað sérstaklega og það flutt til endurvinnslu fæst virðisaukaskattur af förgun þess ekki endurgreiddur. Sama gildir um brotamálmana.

Sveitarfélög og samtök þeirra hafa á síðastliðnum fjórum árum beitt öllum tiltækum ráðum til að fá reglugerðinni og/eða túlkun ríkisskattstjóra breytt en ekki haft erindi sem erfiði.

Því er nú lagt til að fyrrgreind ákvæði verði bundin í lögum um virðisaukaskatt.

Mikillar endurnýjunar er þörf á slökkvi- og björgunarbúnaði slökkviliðanna í landinu, en þau eru kostuð og rekin af sveitarfélögum. Frá því lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt tóku gildi hafa aðflutningsgjöld af slíkum búnaði ekki fengist felld niður eða endurgreidd, nema vörugjald af slökkvibúnaði sbr. 22. gr. reglugerðar nr. 254/1993.

Það er í hæsta máta óeðlilegt að ríkið skattleggi öryggisþjónustu sveitarfélaga með þeim hætti sem nú er gert. Því er nú lagt til að fyrrgreind ákvæði verði bundin í lögum um virðisaukaskatt.

Virðingarfyllt,
Bjarni Þór Einarsson, framkvæmdastjóri SSNV.

Fylgiskjal III.**Umsögn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.**
(26. nóvember 1996.)

BSRB hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, 144. mál.

BSRB telur að þær breytingar sem lagðar eru til í 2. grein frumvarpsins séu til bóta frá því sem nú er. BSRB vill þó ganga lengra og afnema slíkar undanþágur þar sem þær auðvelda skattsvik m.a. vegna þess hversu eftirlit með þeim verður erfitt.

Varðandi 9. grein frumvarpsins vill BSRB ítreka mótmæli sín frá síðastliðnu vori þegar endurgreiðslur vegna vinnu manna við nýbyggingar var lækkuð í 60%, þar sem sömu rök eiga við um endurgreiðslur vegna vinnu manna við endurbætur og viðhald íbúðarhúsnæðis. Í umsögn BSRB þá sagði m.a.:

„Í frumvarpinu er lagt til að endurgreiðsla á virðisaukaskatti verði lækkuð frá því að virðisaukaskattur sé endurgreiddur að fullu í 60% af greiddum virðisaukaskatti. ... BSRB leggst gegn þessari breytingu af þeim ástæðum að hún muni auka skattsvik. Þegar endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna vinnu manna á byggingarstað var komið á var tilgangurinn að koma í veg fyrir skattsvik. Það að fjármagna tekjutap ríkissjóðs með því að lækka endurgreiðsluhlutfall hefur í för með sér að ábatinn af því að svíkja undan skatti eykst. Þannig er óvíst hver nettóáhrifin á fjárhag ríkissjóðs af breytingunni verða.”

BSRB telur annað sem fram kemur í frumvarpinu vera til bóta fyrir uppgjör virðisaukaskatts og málsmeðferð vegna hans.

Virðingarfyllst,
f.h. BSRB,
Rannveig Sigurðardóttir.

Fylgiskjal IV.**Umsögn Samtaka iðnaðarins.**

(26. nóvember 1996.)

Samtökum iðnaðarins hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar og óska af því til-efni að koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri.

Almennt um efni frumvarpsins

Samtökin telja að breytingar þær sem frumvarpið felur í sér séu jákvæðar. Heppilegt er að skýra málsmeðferðarreglur og samræma við hliðstæðar reglur laga um tekjuskatt og eignarskatt. Hins vegar telja Samtökin óheppilegt að lengja þá fresti sem skattfyrivöldum eru gefnir til að kveða upp úrskurði. Það er heppilegra fyrir alla aðila að slíkir úrskurðir liggi fyrir eins fljótt og nokkur kostur er.

Athugasemdir við einstök atriði

Sem fyrr mótmæla Samtökin harðlega þeim breytingum sem felast í 9. gr. frumvarpsins. Það að færa endurgreiðsluhlutfalla vsk. niður í 60% eykur mjög hættuna á svartri atvinnustarfsemi og leiðir þess vegna alls ekki til betri stöðu ríkissjóðs eins og höfundar frumvarpsins virðast reikna með.

Um mitt þetta ár voru endurgreiðslur skertar vegna nýbygginga en vegna tæknilegra mistaka við setningu laganna urðu viðgerðir og viðhald útundan. Samtökin skora á Alþingi að skerða ekki endurgreiðslur vegna viðgerða og viðhalds og hætta að skerða endurgreiðslur vegna nýbygginga.

Frekari breytingar

Í tengslum við breytingar á lögum um virðisaukaskatt vilja Samtökin benda nefndinni á atriði sem er afar brýnt að lagfæra. Hér er átt við hugbúnaðarþjónustu og vsk. Núverandi fyrirkomulag hefur orðið til þess að opinberir aðilar koma sér frekar upp eigin hugbúnaðardeildum en að kaupa þjónustu frá starfandi þjónustufyrirtækjum á þessu sviði. Ástæðan en sú að með því móti sleppa kaupendur við að greiða virðisaukaskatt af starfseminni. Við þetta verður ekki unað enda stendur þetta þróun þessara fyrirtækja fyrir þrifum og er andstætt stefnumörkun stjórnvalda í upplýsingatækni.

Samtökin leggja til að teknar verði upp endurgreiðslur á virðisaukaskatti af allri aðkeyptri hugbúnaðarþjónustu hins opinbera. Samtökin hafa kynnt sér hliðstæðar reglur í Danmörku og eru reiðubúin til þess að kynna þær fyrir nefndinni og fjármála-ráðuneytinu. Brýnt væri að slíkar reglur gætu tekið gildi þegar um næstu áramót.

Jón Steindór Valdimarsson aðstoðarframkvæmdastjóri.

Fylgiskjal V.

**Bréf Tækjakaupanefndar Félags slökkviliðsstjóra,
Sambands íslenskra sveitarfélaga og Brunamálastofnunar.
(2. desember 1995.)**

Til alþingismanna

Efni: Upplýsingar um stöðu mála í sambandi við ósk um niðurfellingu opinberra gjalda á tækjum og búnaði til slökkviliða.

Ágæti þingmaður, fyrst vil ég þakka þér þann áhuga sem þú hefur sýnt málefnum slökkviliða í þeirri umræðu sem farið hefur fram undanfarið.

Gangur mála

Síðan slökkviliðsstjórinn þinn sendi þér áskorunarskjal snemma á þessu ári hefur þetta gerst:

Tækjakaupanefnd sem í sitja, undirritaður, Hrólfur Jónsson, slökkviliðs - stjóri í Reykjavík, Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri í Borgarbyggð og Guðmundur Bergsson, deildarstjóri hjá Brunamálastofnun, fóru á fund fjármálaráðherra, Friðriks Sóphussonar 18. september s.l.

Fundur með fjármálaráðherra

Fundarstaður var skrifstofa ráðherra í ráðuneytinu Arnarhvoli, þar tók ráðherra, ásamt Jóni Guðmundssyni, starfsmanni ráðuneytisins á móti nefndarmönnum.

Farið var yfir málið vítt og breitt og lagt fram áskorunarskjal til ráðherra með beiðni um niðurfellingu á Virðisaukaskatti vegna kaupa slökkviliða á búnaði og tækjum.

Ráðherra tók nefndarmönnum vel og hafði skilning á því að úrbætur væru brýnar. Hann tók ekki vel í áformum um beina niðurfellingu á virðisaukaskatti. Aftur á móti taldi hann málið geta verið innlegg í umræðu um verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga þannig að ef ríkissjóður gæfi þetta eftir þyrftu sveitarfélög að gefa eitthvað eftir á móti.

Sú hugmynd sem nefndarmenn reifuðu að tryggingafélögin, sem hafa beinan hag að því að brunavarnir og eldvarnaestirlit sé í lagi, tækju þátt í þessu átaki féll í góðan jarðveg hjá ráðherra. Þó taldi hann þetta vandmeðfarið mál sem skoða verði af varfærni.

Í lok fundarins var rætt lítillega um brunavarnagjald sem er notað til reksturs á Brunamálastofnun ríkisins.

Lokaorð

Málið er nú í höndum stjórnar Sambands Ísl. sveitarfélaga og er stjórnin nú þessa dagana í viðræðum við fjármálaráðuneytið m.a. um málefni slökkviliða. Eru miklar væntingar bundnar við þessa vinnu.

Ágæti þingmaður, þessi skrif eru send þér til upplýsinga um málið, við sem völdumst til þess að leiða þetta starf viljum fylgja því eftir af þunga svo raunverulegt átak náist í búnaðarmálum slökkviliða í landinu.

Með kveðju,

f.h. nefndarinnar,

Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri Brunavörnum Árnassýslu.